

Fundargerð 57. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 15. janúar 2021, kl. 09:00 á Teams (fjarfundur).

Mætt eru: Magnús Stefánsson (formaður), Sigurgestur Guðlaugsson, Árni Sigfússon, Arnbjörn Ólafsson, Fannar Jónasson, Jón Ásgeirsson og Berglind Kristinsdóttir, Daníel Arason (f.h. Voga), Árni Sigfússon, Hanna María Kristinsdóttir

Forföll: Sigrún Ásta Elefsen, Ásgeir Eiríksson

Starfsmenn: Daníel Einarsson & Púríður Aradóttir Braun

- 1. Faghópur sveitarfélaganna og Reykjanes Geopark um uppbyggingu og þróun áningarstaða**
Verkefnastjóri kynnti málið fyrir stjórn og falið að vinna tillöguna áfram. Þá var einnig lagt til að samhliða þessari vinnu yrðu innleidd viðmið er varða umhverfis- og öryggisvottanir í framkvæmdarverkefnum. Mikilvægt að allir stofnaðilar jarðvangsins eigi aðgang eða fulltrúa í faghópnum.
- 2. Umsögn um skipulagslýsingu á endurskoðun deiliskipulags á Reykjanesi**
Ánægjulegt að sjá tengingu við ferðaþjónustu og samþættingu orkuvinnslu, atvinnustarfsemi og áfangastaða ferðamanna á svæðinu. Verkefnastjóra falið að skrifa umsögn m.t.t. að koma stefnu jarðvangsins á framfæri og hvernig hún tengist atvinnusköpun og auðlindum.
- 3. Úttekt jarðminjastaða í Reykjanes Geopark – Náttúrustofa Suðvesturlands**
Samþykkt að verkefnastjóra er falið að vinna verkefnið áfram ásamt Náttúrustofu Suðvesturlands og útfæra nánar. Einnig verður skoðað að innleiða í verkefnið öryggisúttekt og viðbrögðum vegna öryggis og umhverfisverndar.
- 4. Önnur mál**
Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:50

Fundargerð ritaði: Daníel Einarsson